

11. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 og gilda þær innan lofthelgi Íslands, svo og fyrir loftför skrásett á Íslandi, hvar sem þau eru stödd, svo fremi að þær brjóti ekki í bága við reglur sem út hafa verið gefnar af því ríki sem lögsögu hefur á því svæði er loftfarið flýgur yfir.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 11. mars 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Reykjanesbæ.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í lögsagnarumdæmi Reykjanesbæjar og virt er fasteignamati ber árlega að greiða sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald fellur niður annist eigendur sjálfir sorphirðu á annan hátt sem viðurkenndur er af heilbrigðisnefnd.

3. gr.

Sorphirðugjaldið skal vera kr. 2.500.

4. gr.

Um gjalddaga og innheimtu sorphirðugjalds fer með sama hætti og fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Reykjanesbæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 29. mars 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir